



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

173.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

25. júní 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir,
Guðjón Kristjánsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús
Óskar Ingvarsson, og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gegnið til dagskrár.

1. Kennararáðningar.

Níu umsóknir bárust um stöðu enskukennara. Meirihluti skólanefndar mælir að ráðningu Einars Trausta Ólafssonar í stöðu enskukennara. Tvær umsóknir bárust um stöðu líffræðikennara, skólanefnd mælir með ráðningu Þórs H. Ásgeirssonar. Valborg Oddsdóttir, sérkennslufulltrúi, óskar eftir endurráðningu og mælir skólanefnd með því. Tvær umsóknir bárust um stöðu bókasafnsfræðings, skólanefnd mælir með Guðmanni Kristþórssyni í þá stöðu. Vegna nemendafjölda verður að bæta við þýskukennara við skólann. Brynja Waage hefur sótt um þá stöðu og mælir skólanefnd með ráðningu hennar.

2. Deildarstjóri samfélags- og viðskiptagreina.

Þrjár umsóknir bárust um deildarstjórastöðu í samfélags- og viðskiptagreinum. Ákveðið að ráða Borgþór Arngrímsson í þá stöðu.

3. Tilboð í ræstingar.

Sex tilboð bárust í ræstingar á skólahúsnæðinu. Í útboðinu var gert ráð fyrir ráðningu til eins árs til reynslu, frá 1. september til 31. maí og föstu verðtilboði. Eftirtaldir lögðu inn tilboð:

Benjamín Guðmundsson og Tómas Ibsen kr. 7.490.000 án VSK,
Helgi Eyjólfsson kr. 6.987.139, S.S.-hreingerningar kr.
6.294.720, Hilmar Hafsteinsson kr. 14.706.960, Hilmar Sölvason kr. 4.215.716 án VSK, bónuppleysinga og glers og Ólöf Björnsdóttir kr. 1.434.133, en hún bauð eingöngu í eldri hluta neðstu hæðar. Tilboð Hilmars Sölvasonar var ekki talið fullnægjandi. Skólanefnd ákvað að taka tilboði S.S.-hreingerninga.

4. Mötuneyti nemenda.

Tvö tilboð bárust í rekstur mötuneytis nemenda, frá Ingólfi B. Guðmundssyni og Axel Jónssyni. Skólanefnd ákvað að taka tilboði Axels Jónssonar. Skólanefnd leggur áherslu á að komið verði upp einhverskonar matarmiðakerfi.

5. **Innritun fyrir haustönn 1992.**


725 hafa sótt um skólavist á næstu haustönn og eru það fleiri en nokkru sinni fyrr í sögu skólans. Auk þess eru nokkrir, sem ekki sóttu um fyrir tilskilinn tíma, á biðlista. Stefnt er að því að taka alla þessa nemendur inn í skólann þótt ekki liggi enn fyrir ákvörðun ráðherra um aukafjárveitingu vegna nemendafjölgunar. Búið er að ráða í allar kennarastöður.

6. **Erindi frá Bréfaskólanum vegna vélavarðarnáms.**

Borist hefur ósk um samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá Bréfaskólanum við verklega hluta vélavarðarnáms. Ákveðið að verða við þeirri ósk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.


Hulda Björk Þorkeisdóttir,
fundarritari.